

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 27

24. árgangur

4.5.2017

	I EES-STOFNANIR	
	1. Sameiginlega EES-nefndin	
	II EFTA-STOFNANIR	
	1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2. Eftirlitsstofnun EFTA	
2017/EES/27/01	Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um vexti á endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar-/afreiknivexti fyrir EFTA-ríkin sem gilda frá 1. janúar 2017	1
	3. EFTA-dómstóllinn	
	III ESB-STOFNANIR	
	1. Framkvæmdastjórnin	
2017/EES/27/02	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8399 – CWS-boco/Rentokil Initial's Target businesses)	2
2017/EES/27/03	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8424 – SGAB/Acciona/SCCN) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2017/EES/27/04	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8443 – TPG/Oaktree/Iona Energy) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	4
2017/EES/27/05	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8447 – EDF/CDC/Mitsubishi Corporation/NGM) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	5
2017/EES/27/06	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8434 – Emil Frey France/PGA)	6
2017/EES/27/07	Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. maí 2017	7
2017/EES/27/08	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum	7

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

Auglýsing Eftirlitsstofnunar EFTA um vexti á endurheimtu ríkisaðstoðar og viðmiðunar-/afreiknivexti fyrir EFTA-ríkin sem gilda frá 1. janúar 2017

2017/EES/27/01

Birt í samræmi við reglur um viðmiðunar- og afreiknivexti í VII. hluta leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð og 10. gr. ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 195/04/COL frá 14. júlí 2004 ⁽¹⁾.

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við kaflann um aðferð við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð eins og þeim var breytt með ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 788/08/COL frá 17. desember 2008. Til að reikna út viðeigandi viðmiðunarvexti skal bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við leiðbeinandi reglur um ríkisaðstoð.

Grunnvextirnar eru eftirfarandi:

	Ísland	Liechtenstein	Noregur
1.1.2017 –	6,18	-0,50	1,29

⁽¹⁾ Stjútúð. ESB L 139, 25.5. 2006, bls. 37 og EES-viðbætur nr. 26, 25.5.2006, bls. 1.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8399 – CWS-boco/Rentokil Initial's Target businesses)

2017/EES/27/02

1. Framkvæmdastjórninni barst 26. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið CWS-boco International GmbH („CWS-boco“), dótturfélag alfarið í eigu þýska fyrirtækisins Franz Haniel & Cie. GmbH („Haniel“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í textíl-, snyrtinga-, hreinherbergja- og rykmottustarfsemi breska fyrirtækisins Rentokil Initial plc („Rentokil Initial“) í fjölda aðildarríkja Evrópusambandsins, Rentokil Initial's Target businesses, (rekstur Rentokil Initial sem er andlag kaupanna).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - CWS-boco: veiting þjónustu í tengslum við textíl-, snyrtinga-, hreinherbergja- og rykmottustarfsemi, einkum í ESB. Haniel er þýskt eignarhaldsfélag með fjölbreyttar eignir.
 - Rentokil Initial's Target businesses: veiting þjónustu í tengslum við textíl-, snyrtinga-, hreinherbergja- og rykmottustarfsemi, einkum í Austurríki, Belgíu, Tékklandi, Þýskalandi, Lúxemborg, Hollandi, Póllandi, Slóvakíu, Svíþjóð og Sviss.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtíð. ESB (C 139, 4.5.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8399 – CWS-boco/Rentokil Initial's Target businesses, og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/27/03****(mál M.8424 – SGAB/Acciona/SCCN)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem spænsku fyrirtækin Sociedad General de Aguas de Barcelona SA („SGAB“), sem er hluti af Suez Group, og Acciona SA („Acciona“) öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í spænska fyrirtækinu Sociedad Concesionaria de la Zona Regable del Canal de Navarra SA („SCCN“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - SGAB: Stýring hringrásar vatns, allt frá söfnun til meðhöndlunar á neysluvatni, flutningi og dreifingu, og meðhöndlun og hreinsun á frárennslisvatni, þar til því er skilað út í umhverfið eða endurnýtt. SGAB á einnig þátt í kynningu, hönnun, byggingu og stjórnun margvíslegra umhverfisverkefna.
 - Acciona: Kynning og stýring grunnvirkja (mannvirki, iðnaður, vatn og þjónusta) og endurnýjanleg orka. Starfsemi þess spannar alla virðiskeðjuna, frá hönnun og byggingu til rekstrar og viðhalds.
 - SCCN: Sérleyfi í fyrsta áfanga áveitusvæðis Navarre-skurðarins; almenn áveitugrunnvirki sem flytja vatn úr afrásum Navarre-skurðarins að mörkum hvers skika sem vatni er veitt á. SCCN hannaði, fjármagnaði og reisti þetta grunnvirki og ber sem stendur ábyrgð á viðhaldi.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 134, 28.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8424 – SGAB/Acciona/SCCN, og eftirfarandi póstáritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**2017/EES/27/04****(mál M.8443 – TPG/Oaktree/Iona Energy)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 20. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ þar sem bandarísku fyrirtækin TPG og Oaktree Capital Group Holdings GP („Oaktree“) öðlast með hlutafjárkaupum sameiginleg yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Iona Energy Company („Iona“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - TPG: fjárfestingafyrirtæki sem starfar um heim allan og stýrir margvíslegum sjóðum sem fjárfesta í ýmiss konar fyrirtækjum með yfirtökum og endurskipulagningu fyrirtækja.
 - Oaktree: fyrirtæki á sviði fjárfestingastýringar sérhæfðra fjárfestinga og fjárfestinga í óhefðbundnum fjárfestingasjóðum sem sérhæfir sig í lánsáætlunum.
 - Iona: eignarhald og þróun Orlando og Kells olíuvinnslusvæðanna í Norðursjó.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 137, 29.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8443 – TPG/Oaktree/Iona Energy, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8447 – EDF/CDC/Mitsubishi Corporation/NGM)

2017/EES/27/05

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. apríl 2017 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem frönsku fyrirtækin EDF og CDC og japanska fyrirtækið Mitsubishi Corporation („MHI“), öðlast með hlutabréfakaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í nýstofnuðu frönsku fyrirtæki NGM S.A. („NGM“) sem er sameiginlegt félag.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - EDF: orkufyrirtæki sem einkum starfar í orkugeiranum, sérstaklega í framleiðslu, sölu, flutningi, dreifingu og heildsölu og smásölu á rafmagni, bæði í Frakklandi og erlendis. EDF Group er einnig gasfyrirtæki og veitir orkuþjónustu, bæði í Frakklandi og utan þess.
 - CDC: Opinber frönsk stofnun sem annast fjármögnun verkefna í almannabágu og kaup hlutabréfa í samkeppnisháðum atvinnugreinum auk stýringar einkasjóða sem opinber yfirvöld vilja veita sérstaka vernd.
 - MHI: Japönsk samsteypa með starfsemi í ýmsum atvinnuvegum, m.a. tengdum umhverfi og grunnvirkjum, framleiðslu, fjármögnun, orku, málmum, vélbúnaði, iðefnum og matvælum.
 - NGM: þróun, fjármögnun og stýring ýmissa verkefna sem tengjast gangfærni byggðri á rafmagni, einkum rekstrarleiga og tengd viðhaldsþjónusta fyrir rafhlöður í strætisvagna í þéttbýli.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Þriðju aðilar sem eiga hagsmuna að gæta eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjútíð. ESB (C 134, 28.4.2017). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með tölvupósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu, eða í pósti með tilvísuninni M.8447 – EDF/CDC/Mitsubishi Corporation/NGM, og eftirfarandi póstaritun:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjútíð. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja
(mál M.8434 – Emil Frey France/PGA)

2017/EES/27/06

Framkvæmdastjórnin ákvað 25. apríl 2017 að hreyfa ekki andmælum við ofangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa hana samrýmanlega reglum sameiginlega markaðarins. Ákvörðunin er tekin í samræmi við b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾. Óstytt útgáfa þessarar ákvörðunar er eingöngu til á ensku og verður hún birt eftir að felld hafa verið brott viðskiptaleyndarmál, ef einhver eru. Unnt verður að nálgast hana á eftirfarandi hátt:

- Á samkeppnishluta Europa-vefsetursins (<http://ec.europa.eu/competition/mergers/cases/>). Notendur vefsetursins geta leitað að samrunaákvörðunum með ýmsum hætti, m.a. eftir fyrirtæki, málsnúmeri, dagsetningu og atvinnugrein.
- Á rafrænu sniði á vefsetrinu EUR-Lex (<http://eur-lex.europa.eu/en/index.htm>) undir skjalnúmeri 32017M8434. EUR-Lex veitir aðgang að löggjöf Evrópusambandsins á Internetinu.

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

Auglýsing framkvæmdastjórnarinnar um endurgreiðsluvexti sem innheimta ber í tengslum við endurheimtu ríkisaðstoðar svo og viðmiðunar- og afreiknivexti fyrir 28 aðildarríki; vextirnir gilda frá 1. maí 2017

2017/EES/27/07

(Birt í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 794/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtíð. ESB L 140, 30.4.2004, bls. 1))

Grunnvextir eru reiknaðir í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun aðferðar við útreikning viðmiðunar- og afreiknivaxta (Stjtíð ESB C 14, 19.1.2008, bls. 6). Þá verður að bæta við grunnvextina viðeigandi álagi í samræmi við orðsendinguna eftir því í hvaða samhengi viðmiðunarvextirnir eru notaðir. Að því er afreiknivextina varðar merkir þetta að hækka verður grunnvextina sem nemur 100 grunnpunktum. Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 271/2008 frá 30. janúar 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 794/2004 er mælt fyrir um að sé ekki kveðið á um annað í sérstakri ákvörðun skuli endurkröfuvextir einnig ákveðnir með því að bæta 100 grunnpunktum við grunnvextina.

Breytingar á vöxtum eru feitletraðar.

Fyrri tafla birtist í Stjtíð. ESB C 73, 9.3.2017, bls. 5 og EES-viðbæti nr. 16, 16.2.2017, bls. 17.

Frá	Til	AT	BE	BG	CY	CZ	DE	DK	EE	EL
1.1.2017	28.2.2017	-0,07	-0,07	0,76	-0,07	0,45	-0,07	0,16	-0,07	-0,07
1.3.2017	31.3.2017	-0,08	-0,08	0,76	-0,08	0,45	-0,08	0,16	-0,08	-0,08
1.4.2017	30.4.2017	-0,08	-0,08	0,76	-0,08	0,45	-0,08	0,16	-0,08	-0,08
1.5.2017	–	-0,10	-0,10	0,76	-0,10	0,45	-0,10	0,12	-0,10	-0,10

Frá	Til	ES	FI	FR	HR	HU	IE	IT	LT	LU
1.1.2017	28.2.2017	-0,07	-0,07	-0,07	1,05	0,75	-0,07	-0,07	-0,07	-0,07
1.3.2017	31.3.2017	-0,08	-0,08	-0,08	1,05	0,53	-0,08	-0,08	-0,08	-0,08
1.4.2017	30.4.2017	-0,08	-0,08	-0,08	0,83	0,44	-0,08	-0,08	-0,08	-0,08
1.5.2017	–	-0,10	-0,10	-0,10	0,70	0,44	-0,10	-0,10	-0,10	-0,10

Frá	Til	LV	MT	NL	PL	PT	RO	SE	SI	SK	UK
1.1.2017	28.2.2017	-0,07	-0,07	-0,07	1,83	-0,07	1,10	-0,36	-0,07	-0,07	0,78
1.3.2017	31.3.2017	-0,08	-0,08	-0,08	1,83	-0,08	1,10	-0,36	-0,08	-0,08	0,78
1.4.2017	30.4.2017	-0,08	-0,08	-0,08	1,83	-0,08	1,10	-0,36	-0,08	-0,08	0,78
1.5.2017	–	-0,10	-0,10	-0,10	1,83	-0,10	1,10	-0,36	-0,10	-0,10	0,78

Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum

2017/EES/27/08

Birt hefur verið í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins yfirlit um ákvarðanir um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. mars til 31. mars 2017, sjá Stjtíð. ESB OJ C 135, 28.4.2017, bls. 1 og bls. 7.